

146. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

haldinn 19. september 2007, kl. 13:00 að Austurvegi 56.

Mættir: Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson, Björn B. Jónsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

1. Förgun ehf.

Lagður fram kaupsamningur undirritaður þann 13. september og kynnt að Sláturfélaginu og Reykjagarði hafi verið greiddur sinn hlutur. Stjórnin staðfestir kaupin.

2. Ársreikningur 2006.

Ársreikningur Sorpstöðvar Suðurlands lagður fram til staðfestingar og undirritaður.

3. Aðalfundur 1. og 2. nóvember 2007.

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands verður haldinn á Kirkjubæjarklaustri 1. og 2. nóvember 2007.

4. Bréf frá Hrunamannahreppi dags. 11. september varðandi förgun á 300 heyrúllum.

Erindinu hafnað og vísað til bókunar um sama mál í síðustu fundargerð.

5. Sameignleg svæðisáætlun.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir framvindu í málinu.

6. Hagsmunagæsla fyrir sveitarfélögin á sviði sorpmála.

Sorpstöð Suðurlands fagnar og samþykkir framkomnar tilögur um tilhögun verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum.

Stjórn samþykkir að greiða hlut aðildarsveitarfélaga í verkefninu með fyrirvara um að ekki verði gerðar athugasemdir að hálfu aðildarsveitarfélaga.

7. Önnur mál.

a. Söfnun umbúða og pappírs – framgangur.

Framkvæmdastjóri upplýsti um framgang verksins.

b. Bókun í bæjarstjórn Árborgar.

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl 14:30